

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 7	Dagsetning	7. maí 2019	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi	KLÁ, ÁG			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 7. maí 2019

### 1. Fundargerð 9. apríl 2019

Fundargerð stjórnarfundar frá 9. apríl 2019 samþykkt.

### 2. Aðalfundur 2019

Búið er að bóka fundarsal á Grand Hótel og hafa samband við Skjáskot, en fundurinn verður sendur beint út á netinu. MH fór yfir aðalfundarstörf. MH lagði til að hún myndi hafa samband við Ölmú Möller, landlækni, og athuga hvort að hún geti tekið að sér fundarstjórn. JÁJ upplýsti stjórnina um að allir kjörstjórnarmenn gæfu kost á sér til áframhaldandi starfa í kjörstjórn.

### 3. Bréf Advel til Umboðsmanns Alþingis

Farið var yfir drög að bréfi Advel til Umboðsmanns Alþingis. Skoða álit Umboðsmanns Alþingis frá 2011. Í nýlegum úrskurði Úrskurðarnefndar upplýsingalaga er blásið á það að engin stofnun taki við verkefnum kjararáðs. Jóhann Óli Eiðsson, blaðamaður, á óafgreitt erindi hjá fjármálaráðuneytinu, en hann óskar eftir afriti af öllum beiðnum um endurskoðun um grunnmat starfs sem forstöðumenn sendu til KMR. Hann fékk afhendar fundargerðir kjararáðs 2 ár aftur í tímann frá fjármálaráðuneytinu. HS gerði athugasemdir við bréf Advel í tölvupósti til stjórnarmanna. Samþykkt að senda þær athugasemdir til lögmannsstofunnar Advel.

### 4. Grunnmat starfa.

JÁJ hefur verið boðið, fyrir hönd FFR, að taka þátt í rýna athugasemdir forstöðumanna við grunnmat starfa, en sú vinna er að fara af stað hjá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins á næstu dögum. Samkvæmt upplýsingum frá einum forstöðumanni skrifaði eitt ráðuneyti ekki undir athugasemdablað sem KMR bjó til vegna grunnmatsins. JÁJ mun kanna hverju þessu sæti og hvernig afgreiðsla annarra ráðuneyta á athugasemdum forstöðumanna hefur verið. Lagt er upp með að forstöðumenn fái prósentuhækkun amk. einu sinni á ári, en stjórnarmenn sammála um að sennilega muni forstöðumenn ekki fá prósentuhækkanir á laun sín fyrr en kjarasamningar ríkisstarfsmanna hafa verið undirritaðir.

### 5. Sýslumenn og kjararáð

Ekkert hefur heyrst frá KMR vegna bréfs sem FFR sendi 28. mars 2019.

### 6. Ný stjórn og stjórnarmenn kveðja

Samþykkt að nýir stjórnarmenn og þeir sem eru að hætta í stjórn félagsins borði saman í lok mánaðarins. JÁJ falið að boða til fundar eftir aðalfundinn.